

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/443**  
**komudagur 25.11.2011**

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

25. nóvember 2011

**Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, með síðari breytingum, 63. mál**

Frumvarpinu er ætlað að herða viðurlög skv. 76. gr. laganna við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins og er einkum horft til aksturs utan vega í þeim efnum. Annars vegar í 1. gr. mælt fyrir um lágmarkssekt að upphæð kr. 250.000, eða fangelsi allt að fjórum árum. Hins vegar er í 2. gr. mælt fyrir um að gera megi upptæk með dómi vélknúin ökutæki sem notuð hafi verið við framningu brots gegn ákvæðum laganna, eða upphæð sem svari til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

Samorka styður að sjálfsögðu að viðurlög séu við stórfelldum spjöllum á náttúru landsins, þótt samtökin taki ekki afstöðu til framangreindra refsiakvæða sem slíkra. Samtökin vilja hins vegar vekja athygli á nokkuð óljósri stöðu nauðsynlegra forrannsókna í þessu sambandi. Í 17. gr. laganna, um akstur utan vega, segir:

**17. gr. Akstur utan vega.**

- *Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.*
- *Ráðherra kveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. málsli. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og á snjó þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.*
- *Ólögmatgur akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 76. gr.*

Varðandi skyggða textann í 2. málslið eru línulagnir og lagnir annarra veitukerfa nokkuð skýrt undanþegin í reglugerð nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, hafi viðkomandi framkvæmdir fengið leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum. Í 5. gr. eru þó eðlilega talin upp ýmis atriði sem virða beri í þessu sambandi, varðandi akstur utan vega vegna tiltekinna starfa. Í reglugerðinni eru rannsóknir hins vegar skilgreindar þannig:

*Lögbundnar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem eru í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum.*



Nú er það svo að í tengslum við ýmsar framkvæmdir – t.d. við veitumannvirki, línulagnir og virkjanir – getur þurft að vinna almennar rannsóknir, forrannsóknir. Að sjálfsögðu reyna viðkomandi fyrirtæki eftir fremsta megni að fara með gát um náttúrusvæði, þótt ekki sé hægt að útiloka að slíkar rannsóknir skilji eftir sig einhver spor. Ekki er hins vegar ljóst hvort framangreint ákvæði í reglugerð nær yfir þær rannsóknir sem e.t.v. þarf að gera. Ljóst er að þær verða ekki allar flokkaðar sem lögbundnar rannsóknir. Hvort þær flokkast sem rannsóknir sem séu í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum er ekki eins skýrt. Ekki liggja alltaf fyrir skýr leyfi fyrir slíkum forrannsóknum. Þarna þyrfti því að mati Samorku að veita aukið svigrúm en núverandi texti reglugerðarinnar heimilar.

Samorka vill því beina því til umhverfis- og samgöngunefndar að hún leggi jafnframt til að texta 17. gr. verði breytt á þá lund að forrannsókna verði þar getið, með því að setningin sem skyggð er hér að framan verði látin enda á orðunum „forrannsóknir og aðrar rannsóknir.“ Til vara beinir Samorka því til nefndarinnar að hún mælist til þess í nefndarálitum að framangreindu reglugerðarákvæði – eða öllu heldur skilgreiningu á rannsóknum í framangreindri reglugerð – verði breytt á þá lund að forrannsóknir rúmist þar. Að mati Samorku er afar mikilvægt að hægt verði að sinna slíkum rannsóknum í góðri sátt við lög um náttúruvernd.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri